

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu söluskatts af aðföngum fiskvinnslu.

1. gr.

Endurgreiða skal fiskvinnslufyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt af aðföngum fiskvinnslunnar eftir 14. maí 1986 eins og nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður hlutfall endurgreiðslu afurða hverrar framleiðslugreinar, sbr. 1. gr., með hliðsjón af heildarfjárveitingu í fjárlögum til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts og áætlaðri uppsöfnun söluskatts innan hverrar framleiðslugreinar að mati Þjóðhagsstofnunar.

Ráðuneytið birtir endurgreiðsluhlutfall, sbr. 1. mgr., í B-deild Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaði.

3. gr.

Útflytjendur sjávarafurða skulu eftir 14. maí 1986 senda tollstjóranum í Reykjavík mánaðarlega í því formi sem tollstjórinn ákveður, sundurliðun á fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir framleiðendum svo og fjárhæð endurgreiðslu í samræmi við endurgreiðsluhlutfall sem um getur í 2. gr. Miða skal útreikning við gengi á þeim degi sem útskipun á sér stað. Yfirlit skal hafa borist tollstjóranum í Reykjavík vegna útflutnings undanfarandi mánaðar eigi síðar en 15. næsta mánaðar og mun tollstjórinn í Reykjavík endurgreiða öllum framleiðendum uppsafnaðan söluskatt samkvæmt þeim útflutningsskjölum sem fyrir liggja. Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein skal fara fram eigi síðar en 15 dögum frá því yfirlit hefur borist.

Þær afurðir teljast til framleiðslu eftir 14. maí sem framleiddar eru úr hráefni sem landað er eftir 14. maí.

Greiðslan miðast við fob-verðmæti hinna útfluttu afurða með umbúðum, um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Séu afurðir seldar cif eða með enn öðrum skilmálum skal reikna söluverð til fob-verðs.

4. gr.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar skal stofn endurgreiðslunnar til útflytjanda ákveðinn samkvæmt lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

5. gr.

Nú sannar útflytjandi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis að söluverð vörunnar í erlendum gjaldmiðli hafi verið hærra en verð sem tilgreint var í útflutningsleyfi á hann rétt á viðbótargreiðslu sem því svarar. Á sama hátt má endurkrefja útflytjanda reynist verðið lægra en tilgreint var í útflutningsleyfi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur til útlanda, sem um ræðir í reglugerð þessari, er skyldur til að fá tollstjóranum í Reykjavík eða hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vöru-reikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap.

7. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til allra útfluttra, unninna sjávarafurða annarra en fisks sem frystur er um borð í fiskiskipum, hvalaafurða og selaafurða. Ákvæði þessi taka ekki til fersks fisks sem fluttur er út ísaður í gámum, með fiskiskipum eða öðrum hætti.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 24, 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins til að öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts vegna tímabilsins 15. maí til 30. júní 1986 skal fara fram 1. september 1986. Yfirlit útflytjenda, yfir sama tímabil skal hafa borist tollstjóranum í Reykjavík eigi síðar en 15. ágúst 1986.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júní 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING**um umferð á Eyrarbakka.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Eyrarbyggðahrepps, eru hér með settar reglur um umferð á Eyrarbakka.

Umferð um Háeyrarvelli, Eyrargötu og Búðarstíg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Hraunteig, Álfsstétt, Háeyrarvegi, Hjallavegi, Bárðarbrú, Nesbrú og Bakarísstíg, samkvæmt ákvæði 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Umferð um Álfsstétt skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð um Túngötu og ónefndrar götu norðan Mundakots samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Umferð um Túngötu skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð um Háeyrarveg, Hjallaveg, Bárðarbrú, Bakarísstíg og Nesbrú samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Lögreglustjórinn í Árnessýslu, 24. mars 1986.

Andrés Valdimarsson.